

FÓSTUREYÐINGAR - umræðuþáttur í sjónvarpssal 16/4/75.

-----

HINRIK BJARNASON, stjórnandi umræðnanna:

Einn bálkur í þessu máli er í rauninni eftir, sem við höfum ekki minnt á ennþá, og mig langar til að spyrja lækna að því og það verður svona um það bil það síðasta, sem við tökum hér fyrir, það er hvenær fóstur verður í rauninni að barni. Hvar eru mörkin milli þessara tveggja hugtaka?

JÓN G. STEFÁNSSON:

Sko mig langar áður en við komum að þessu að koma að mjög veigamiklu atriði, sem ég held að við höfum eiginlega ekkert minnt á. Ég minntist að eins á það hérna í byrjun, og ég held að það megi alls ekki skilja það eftir. Og það er það, að ef að löggjöfin verður eins og hér stendur í þessu síðasta frumvarpi, þá leiðir það til töluverðs félagslegs misréttis, þar sem gerður er munur á þeim konum, sem hafa aðstöðu félagslega og fjárhagslega, sem leita til útlanda, um að fá fóstureyðingu framkvæmda og hinna, sem ekki hafa þessa möguleika. Ég heldað það sé mjög þýðingarmikið að gera sér fulla grein fyrir þessu, og taka það með í rökræðurnar, þegar maður hugsar um þessi mál.

ÁSTHILDUR:

Ef ég mætti aðeins segja bara, að það er einmitt þetta, sem Jón var að tala um, þetta með þetta efnlega misrétti, sem mér finnst skipta einu meginmáli í þessu efni. Og mér finnst, að það megi ekki vera þannig, að það verði efnahagur fólksins, sem ráði því hvort það geti fengið fóstureyðingu eða ekki. Mér finnst bara að það megi það ekki og ekki kunningsskapur við lækna ~~XXX~~ eða ja kannski kunningsskapur við ýmsa ráðamenn og áhrifamenn í þjóðfélaginu, en eins og við vitum dæmi um, að konur sem alls ekki hafa haft þörf á fóstureyðingu, hafa fengið hana innan ramma gömlu laganna, en mörgum verið neitað um fóstureyðingu, sem hafa haft mjög brýna þörf fyrir hana.

GUÐMUNDUR JÓHANNESSON:

Má ég segja...sko altso þessi staðhæfing ~~XX~~ Hún verður að skoðast byggð á talsverðri vanþekkingu í sambandi við einstök atriði, sem hérna eru rædd. En einmitt þetta sem Jón minntist á, sem mér finnst vera mjög þýðingarmikið atriði. Það er ein ástæðan fyrir því að hérna.. þessi löggjöf, sem núna, eða þetta frumvarp sem lagt er

Fram.

GUÐMUNDUR - FRH.

Það gengur mjög langt í frjálræðisátt og ég persónulega tel, að það gangi óvarlega langt. Það er einmitt tekið mið af því hvernig ástæðurnar eru annars staðar og það. \*mér finnst það vera svolítill tvískinnungur í málflutningi rauðsokkahreyfingarinnar ég veit, ég hef vitneskju um það, að þær hafa beinlínis hvatt ungar stúlkur og konur til þess að fara til Bretlands til þess að fá fóstureyðingu án þess að það væri reynt á það, hvort þær gætu fengið þessa aðgerð hérna heima. Og ég get ekki séð, að tilgangurinn hafi verið annar heldur en með því að sýna fram á mikinn fjölda af þessum fóstureyðingum á íslenskum konum úti í Bretlandi, að þá væri meiningarlaust fyrir okkur að vera með hindranir hérna, og þetta finnst mér vera óheiðarlegauunnið að því að hérna brjóta lög til þess að byggja upp lög. Og ég hef engar áhyggjur af því að það verði hinar fátæku, efnalitlu, þegar haft er í huga að því ákvæði sem er í þessu frumvarpi um það, hvaða rétt þær eigi að hafa. Það verða frekar þær ríku og það verða alltaf konur sem vilja ekki láta þetta komast upp og þess vegna getum við aldrei hindrað það, að eitt-hvað af konum fari út til Bretlands eða leiti annað til þess að fá þessar aðgerðir framkvæmdar.

ÁSTHILDUR:

Já ég vildi bara segja það, sem ég var nú búin að segja náttúrlega hérna áður, að það sem mér finnst skipta meginmáli í þessu það er það að efnalegt..efnahagur fái ekki að ráða í þessu máli og það verði, mér finnst að þetta eigi að vera mannréttindi hvers ~~XXX~~ barns að fæðast velkomið í heiminn, og ég get ekki skilið að það sé, ef að, ja eins og læknar segja stundum, að þeir beri svo mikla virðingu fyrir lífinu og fyrir lífrétti fóstursins, ég get ekki séð, að það sé ~~XXXXXXXXXXXXXXXXXXXX~~ nokkur munur á, hvort að þeir ákveði, hvort að barnið fái að lifa eða hvort að konan ákveður það sjálf. Ég get ekki séð nokkurn mun þar á.

- G.M.